

Strongwear ehf.
Krókháls 6
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2024
UST202411-151/B.B.B.
07.04.02

Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 18.11.2024 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með skráningu innfluttra efna, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Skoðað var hvort efni sem flutt voru til Íslands á tímabilinu 1. janúar - 31. október 2024 í magni sem nam 1 tonni eða meira falli undir skráningarskyldu og uppfylli þær kröfur sem settar eru fram með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Samkvæmt innflutningsgögnum flutti Strongwear ehf. inn maurusýru í magni sem nam meira en einu tonni og er skráningarskylt. Nánari upplýsingar má nálgast í hjálagðri eftirlitsskýrslu.

Engin frávík komu fram varðandi þá vöru sem féll undir umfang eftirlitsins og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með skráningu innfluttra efna og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru sem heyrði undir umfang eftirlits. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Strongwear ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um skráningu efna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/reach/um-hvad-fjallar-reach/skraning/almennt-um-skraningu/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur varðandi eftirlitsverkefnið og skráningu efna í síma 591-2000 eða gegnum netfangið bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla